

Nd.

384. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 30, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913. (Herpinótaveiði).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefir athugað þetta frumvarp. Formaður nefndarinnar náði tali af herra Bjarna Sæmundssyni fiskifræðingi, sem tjáði sig meðmæltan þessu frumvarpi. Taldi hann ekki rjettmætt nje í nokkurn stað sanngjarnt, að Skagfirðingar friðuðu Skagafjörð fyrir herpinótaveiði svo langt út, sem lögin frá 1923 heimila, og þess vegna væri rjett að afnema þau lög. Þá leitaði nefndin einnig álights stjórnar Fiskifjelagsins, og kom forseti fjelagsins á fund nefndarinnar. Gaf hann frumvarpi þessu mjög ákveðin meðmæli sín og taldi brýna þörf á, að það yrði að lögum á þessu þingi. Sjálfur hefir hann stundað síldveiðar með herpinót, og kvað hann hverfandi litlar líkur til þess, að þær veiðar gætu skemt veiðarfæri þeirra manna, er þorskveiðar stunda, þótt á sama svæði sje. Að öðru leyti áleit hann litlar líkur til, að síldveiðar með herpinót á þessu umrædda svæði tálmuðu göngu sildarinnar eftir firðinum, af því að átan, sem síldin eltir, hlýtur að berast með straumum og vindi, án þess að slík veiði hafi þar nokkur áhrif. Það eitt þótti forseta Fiskifjelagsins að þessu frumvarpi, að það gengi ekki

nógu langt, og beindi hann ákveðnum tilmælum til nefndarinnar um að fá heimildarlögin frá 1913 einnig úr gildi numin.

Einn nefndarmanna, Jakob Möller, álitur rjettara að taka málið upp á þeim grundvelli, að nema úr gildi heimildarlögin frá 1913, en hefir óbundið atkvæði sitt um frumvarpið eins og það nú liggur fyrir. Meðundirritaður Jón Baldvinsson hefir einnig óbundið atkvæði um málið, en meiri hluti nefndarinnar ræður háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt. Hafa allar þær athuganir, er nefndin hefir gert, og upplýsingar þær, er aflað hefir verið, styrkt oss meirihlutamenn í þeirri skoðun, að ekki sje eingöngu rjett, heldur nauðsynlegt, að frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 24. apríl 1925.

Ásg. Ásgeirsson,
form.

Aug. Flygenring.

Jakob Möller,
fundaskrifari.

Jón Baldvinsson,
með skírskotun til ofanritaðs.

Sigurj. Jónsson,
frsm.